

Lagt fyrir 393. fund velferðarráðs þann 17. febrúar 2021

VEL2020040020

RÁ/kg/hjb

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2010 og á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2010, með áorðnum breytingum. Heildarkostnaðarauki vegna breytinga á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð nemur 67.072.697 kr. á ári. Þá er einnig gert ráð fyrir að einskiptis kostnaður við hugbúnaðarbreytingar verði á bilinu 6-7,5 m.kr.

Greinargerð:

Lagðar eru fram tillögur er varða breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð.

Í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, kemur fram að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Núgildandi reglur um fjárhagsaðstoð tóku gildi þann 1. janúar 2011 en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á reglunum frá þeim tíma hvað varðar grunnfjárhæðir til framfærslu, aðstoð til foreldra vegna barna, húsbúnaðarstyrk og tryggingu vegna húsaleigu. Þá hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar í tengslum við rafvæðingu fjárhagsaðstoðar. Ekki er um að ræða heildarendurskoðun á reglunum heldur er að þessu sinni m.a. um að ræða breytingartillögur til samræmis við tillögur sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 og fram höfðu komið í áfangaskýrslu hóps um sárafátækt. Þá eru jafnframt lagðar til breytingar á frádrætti vegna tekna þeirra sem ljúka endurhæfingu, breytingar er varða framfærslu til einstaklinga sem stunda nám á framhaldsskólastigi, breytingar á skilyrðum fyrir húsbúnaðarstyrk, breytingar er varða greiðslu sérfraðiaðstoðar og útfararstyrks og breytingar vegna tryggingar húsaleigu. Þá er auk þess um að ræða ýmsar breytingar sem áréttu og skýra þá framkvæmd sem nú er viðhofð og að lokum breytingar er varða orðalag og uppsetningu.

Tillagan var áður lögð fram á fundi velferðarráðs þann 1. apríl 2020 og frestað. Frá þeim tíma hafa verið lagðar til frekari breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð og er gerð grein fyrir þeim helstu í meðfylgjandi minnisblaði. Á fundi velferðarráðs 2. desember 2020 var samþykkt að vísa drögum að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð til hagsmunaaðila og bárust alls 7 umsagnir. Þann 29. janúar síðastliðinn var haldinn fundur með hagsmunaaðilum sem sendu umagnir og lagðar hafa verið til nokkrar breytingar á reglunum eftir samráð við þá.

Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 37/2018 um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum og höfð er hliðsjón af þeim lagabreytingum við þessar breytingar.

Kostnaðarmat fylgir tillögunni. Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg
2. Minnisblað, dags. 17. febrúar 2021.
3. Jafnréttisskimun, dags. 24. nóvember 2020.